

LÖG

um afnám laga nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, eru úr gildi felld. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 98 31. desember 1974 og lög nr. 79 31. desember 1977, um breyting á þeim lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. mars 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfí.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verkfall Stýrimannafélags Íslands á ms. Herjólfí, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, er óheimilt.

2. gr.

Hafi Skipstjórufélag Íslands, Stýrimannafélag Íslands, Vélstjórufélag Íslands, Brytafélag Íslands og Sjómannafélagið Jötunn annars vegar og stjórn Herjólfis hf. hins vegar ekki náð samkomulagi um vinnutilhögun og launakjör fyrir 1. júní 1993 skal Hæstiréttur tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem skuli ákveða kaup og kjör skipverja á ms. Herjólfí fyrir 1. ágúst 1993.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Herjólfss hf. og eftirtalinna stéttarféлага: Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Brytafélags Íslands og Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannacyjum.

3. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara samkvæmt lögum þessum hafa til hliðsjónar gildandi kjarasamninga á kaupskipum og almenna launaþróun í landinu.

Ákvarðanir gerðardóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms skv. 2. gr. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1993.

Gjört í Reykjavík, 23. mars 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.